

Innkaupa- og framkvæmdaráð 19. júní 2023: Tillaga sjálfstæðisflokksins um innkaup á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar FAS23010067

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að innkaup á vetrarþjónustu í Reykjavík, hvort heldur á götum, göngugötum og -stígum eða stofnanalóðum, verði boðin út í heild sinni í gegnum rammasamning og þau útboð sem búið er að auglýsa og ekki er búið að loka varðandi þessa þjónustu verði dregin tilbaka. Við útfærslu útboðsgagna verði litið til reynslu annarra sveitarfélaga og verktaka sem sinna vetrarþjónustu.

Greinargerð:

Með því að fara þjóða innkaup á vetrarþjónustu í Reykjavíkurborg út í formi rammasamnings fær borgin fleiri þjónustuaðila að borðinu, eykur sveigjanleika og viðbragðsgetu sveitarfélagsins og tryggir með betri hætti aðgang borgarinnar að fleiri tækjum, sem skilar sér í betri þjónustu til borgarbúa. Myndast ennfremur aukið og bætt utanumhald utan um þá verktaka sem koma að vetrarþjónustu fyrir fyrir borgina og minnkar þörf verktaka innan samnings á notkun undirverktaka. Er útboð í formi rammasamnings til þess fallið að auka hagkvæmni við veitingu vetrarþjónustu fyrir þá verktaka sem eru innan rammasamningsins og tryggja þannig að unnt sé skipuleggja þjónustuna vel og auka nýtingu á tækjum og tólum. Slíkt fyrirkomulag hefur skilað góðum árangri í þeim sveitarfélögum sem hafa farið þessa leið. Einnig getur þetta haft í för með sér hagstæðari innkaup vegna samlegðar og samvinnu við veitingu þjónustunnar.